

Mál nr. 121/2019**M og
V v/ábyrgðartrygginga ökutækjanna A og B****Árekstur á Reykjavíkurvegi 30. janúar 2019.****Gögn.**

Málskot, móttækið 27. mars 2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V, dags. 21.5.2019.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning frá Aðstoð og Öryggi þar sem aðdraganda áreksturs er lýst þannig af hálfu ökumanna að bifreið B hafi verið ekið á hægri akrein norður Reykjavíkurveg og bifreið A á eftir henni í sömu átt á vinstri akrein. Árekstur hafi síðan orðið þegar bifreið B var ekið yfir á vinstri akrein í fyrirhugaða U-beygju. Ökumaður bifreiðar B ber í skýrslunni um mikinn ökuhraða bifreiðar A. Í málinu liggur fyrir skýrsla um ætlaðan ökuhraða bifreiðanna þar sem hann er áætlaður 40 km/klst hjá bifreið A en 17 km/klst hjá bifreið B. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið á vinstri akrein á 40-50 km/klst hraða þegar bifreið B hafi verið ekið í veg fyrir hann.

M telur að ökumaður bifreiðar A beri ábyrgð á árekstrinum vegna mikils ökuhraða og telur að hann, sem ökumaður bifreiðar B, hafi gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig áður en hann færði bifreiðina til vinstri til að taka U-beygju. Einnig vísar hann til þess að honum hafi verið lögð orð í munn í skýrslutöku og mótmælir að hafa verið að taka vinstri beygju frá hægri akrein. Einnig telur M að hraðaútreikningar þeir sem komi fram í skýrslu í málinu séu ekki réttir þar sem bifreið A hafi verið færð og forsendur því rangar, auk þess sem ökumaður bifreiðar A hafi verið í símanum.

V hefur ekki gert sérstakar athugasemdir vegna málskotsins, en af gögnum málsins má ráða að afstaða félagsins til sakarskiptingar hafi verið sú að ökumaður bifreiðar B bæri alla ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Þess skal fyrst getið að við meðferð málsins hjá nefndinni í júní sl. óskað V eftir því að afgreiðslu málsins yrði frestað þar sem félagið væri að kanna málið frekar m.t.t. nýrra upplýsinga. Slíkar upplýsingar bárust ekki og ekki frekari athugasemdir V við eftirgrennslan í lok ágúst sl.

Í málinu er upplýst að ökumaður bifreiðar A ók á vinstri akrein en ökumaður bifreiðar B (M) á hægri akrein um Reykjavíkurveg í aðdraganda áreksturs. Ökumaður bifreiðarinnar B ákvað að færa sig yfir á vinstri akrein í þeim tilgangi að taka síðan U-beygju á gatnamótum. Í 2. Mgr. 17. Gr. og 2 mgr. 15. Gr. umferðarlaga nr. 50-1987 er lögð sú skylda á ökumenn sem ætla að beygja til vinstri á gatnamótum að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig sem og að það sé hægt án óþæginda fyrir aðra. Sú skylda hvíldi á ökumanni bifreiðar B (M). Af gögnum málsins verður ekki ráðið að bifreið A hafi verið ekið yfir hámarkshraða í greint sinn. Miðað við fyrrnefnda varúðarskyldu verður öll sök lögð á ökumann bifreiðar B þar sem honum bar að gæta að umferð fyrir aftan sig áður en hann tók vinstri beygju á akbrautinni. Ekki telst sannað að ökumaður bifreiðar A hafi ekið of hratt eða ógætlega þannig að hann beri einnig sök.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.